

## Fyrirspurn

til innviðaráðherra um húsnæðisstuðning.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hversu margir einstaklingar eftirfarandi flokka fá húsnæðisstuðning og hve háa fjárhæð fær hver flokkur samtals á ári samkvæmt lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016? Svar óskast sundurliðað eftir eftirfarandi flokkun:
  - a. Á hverju fimm ára aldursbili frá 18 ára aldri.
  - b. Vegna náms skv. a-lið 10. gr. laganna.
  - c. Skv. a-, b- og c-lið 11. gr. laganna.
2. Hvernig hafa grunnfjárhæðir skv. 16. gr. laganna hækkað frá gildistöku þeirra í samanburði við þróun launa, verðlags og efnahagsmála?
3. Hvernig skiptist breyting grunnfjárhæða í lið 2 milli launavísitölu, vísitölu neysliverðs og þróunar efnahagsmála? Hvert er vægi hvernar breytu í útreikningunum, hefur vægi hennar alltaf verið það sama og hvað ræður mismun á vægi launavísitölu, vísitölu neysliverðs og efnahagsþróunar í uppfærslu grunnfjárhæða? Hvernig hafa undirvísitölur húsnæðismála þróast á sama tíma?
4. Hvernig hafa frítækjumörk skv. 17. gr. laganna hækkað frá gildistöku laganna í samanburði við þróun launa, verðlags og efnahagsmála?
5. Hversu margir einstaklingar hafa fengið greiðslu húsnæðisbóta í hverri tekjutíund og hver er heildarfjárhæð þeirra eftir hverri tekjutíund?
6. Hvaða ályktanir dregur ráðherra af þróun húsnæðisstuðnings á undanförunum árum miðað við svör við framangreindum spurningum?

Skriflegt svar óskast.